

296. fundur Skólanefndar FS

8. september 2009



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Hjálmar Árnason, Oddný Harðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Sigfús Jóhann Árnason og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Nýir starfsmenn.
 3. Upphaf annar.
 4. Helstu verkefni.
 5. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Kristbjörn Albertsson samhljóða kosinn formaður nefndarinnar.

2. Nýir starfsmenn.

Skólameistari sagði frá nýjum starfsmönnum. Nýir kennarar eru Anna Rögnvaldsdóttir, Baldur Garðarsson, Björgvin Jónsson, Jón Gunnar Schram, Marta Goðadóttir og Gustavo Deniz. Þá verða þrír stundakennarar á önninni, tveir kennarar snúa aftur úr leyfi og tveir starfsmenn verða í barneignarleyfi á önninni. Hulda Oddsdóttir hefur verið ráðin skólaritari.

3. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar. Nemendur í dagskóla eru um 1100, um 150 eru í Kvöldskóla og um 180 grunnskólanemendur taka einstaka áfanga í skólanum. Reynt er að reka skólann á sem hagkvæmasta máta og spara á öllum sviðum.


4. Helstu verkefni.

Skólameistari sagði frá því að búið er að gera viðbragðsáætlun vegna inflúensu. Verið er að undirbúa nýjar brautir vegna nýrrar námskrár sem tekur gildi árið 2011. Foreldrafélag skólans verður stofnað á foreldrafundi fimmtudaginn 10. september. Tekin hefur verið saman skýrsla yfir síðasta skólaár og er ætlunin að gera slíka skýrslu árlega.

5. Önnur mál.

a) Hjálmar lagði til að skólinn og Keilir auki samstarf sitt með því að meta nám frá hvorum öðrum meira en verið hefur. Það verður athugað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari